

Nettímarit

Troðningur

22 tbl. September 2011 - ISSN 1670-8776

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Menning & List



Meðal efnis;

Saatchi Gallery.

Að drepa hugmyndir.

Grill í Grænlandi.

Texti; Þorskurinn er gulur.

Vissir þú.

Læknirinn.

Fröken Sjávarfall.

**Forsíðumynd; "Frk. Sjávarfall" eftir G R Lúðvíksson 2011
í Narsarsuaq Grænlandi**

ICELANDIC
ART MAGAZINE

Frk. Sjávarfall , Narsarsuaq 2011



Grænlenk grill 2011



“Grænlenk grill” eftir G R Lúðvíksson 2011



Þeir sem eiga leið til London ættu ekki að láta eitt af betri galleríum eða söfnum fram hjá sér fara. Hér er ég að tala um Saatchi Gallerí sem staðsett er við 77 Eaton Square / King's Road, rétt við lestastöðina Sloane Square.

Galleríið er stórt og því er betra að gefa sér góðan tíma í skoðunarferð. En í safninu má sjá allt það helsta sem er að gerast í nútímamyndlist. Boðið er upp á alþjóðlega myndlist frá öllum heimshornum. Þar er í raun engin stefna, önnur en sú að sýna góð verk í okkar tíma. En auðvitað eru sýningar þar einnig sem spanna eldri tíma og verk eftir athyglisverða listamenn.

Safnið er í raun algjört augna konfekt fyrir alla þá sem áhuga hafa á myndlist og einnig þá fyrir þá sem ekki eru vanir að sækja listsýningar, því upplifunin er þá meiri en orð fá geta lýst.

Margir viðburðir eru hverju sinni í galleríinu. Þar er einnig rekið öflugt skólustarf, sem fellst í því að nemendum á öllum stigum er boðin þátttaka á margskonar hátt. Bókasafn og bóksala er þarna. Kaffihús og veitingastaður.

Þegar þetta er ritað eru m.a sýningar á verkum eftir marga áhugaverða listamenn og áhugaverðar sýningar í gangi.

T.d
THE SHAPE OF THINGS TO COME: NEW SCULPTURE, Verk eftir; RICHARD WILSON, sýning sem nefnist; Women Changing India, einnig, Indonesian Eye presented by Prudential.

Þann 18. nóvember opnar ný sýning sem nefnist, NEW ART FROM GERMANY og samanstendur af fjölda allan af Þýskum listamönnum.

Aðrar sýningar sem vert er að nefna:
“The Power of Paper”,
“Body Language”,


“ GAIETY IS THE MOST OUTSTANDING FEATURE OF THE SOVIET UNION “,
“ PAINTERS’ PAINTERS “,
“ OBJECTIFIED: SCULPTURE TODAY”,
“ OUT OF FOCUS: PHOTOGRAPHY “,
og fleiri og fleiri sem of langt er að telja hér upp.

Svo er það kannski rúsínan í pylsuendanum, en það er frítt inn á allar sýningar á vegum Saatchi gallery.

Og þá er bara að planleggja einn dag í London, sem er sérstaklega ætlaður menningarlegri ferð um heim myndlistarinnar.

Ég get lofað ykkur því að það mun engin sjá eftir þeim degi.

Góða ferð og góða skemmtun.



Barnalag á væntanlegum disk;
 “Amma er best“

Porskurinn er gulur.

Rauður er Rabbabari, í sultur notast hann,
 gult er í randaflugu, ég lita hana kann.
 Grænt er allt grasið, sem dýrum þykir best,
 gettu hvaða litur er í fjallinu, sem sést ?

Gulur, rauður, grænn og blár.
 Ég mála heiminn minn.
 Gulur, rauður, grænn og blár.
 Er líka vinur þinn.

Blár er fiskibátur, sem siglir út á sjó,
 Blálanga á önglinum, hún er löng og mjó.
 Porskurinn er gulur, hann ekki hefur hár,
 goggurinn á Lundanum er rauður, gulur blár.

Gulur, rauður, grænn og blár.
 Ég mála heiminn minn.
 Gulur, rauður, grænn og blár.
 Er líka vinur þinn.



Verk eftir Alexandra Bircken



Verk eftir Alexandra Bircken

**Linkur á heimasíðu
 Saatchi Gallery**

<http://www.saatchi-gallery.co.uk/>




Verk eftir Dirk Bell



Listamanns "Stellinguna" að þessu sinni á Halldór Björn.





Myndir fengnar af vef Morgunblaðsins.









Myndir fengnar af vefnum .

Ég á 'etta... !





Hugmynd sem varð bara hugmynd !

“ Hugmynd að nýjum hringtorgum “



Að drepa hugmyndir !



Að skjóta niður nýjar hugmyndir !



Það getur verið torfeld leið sem hugvit þarf að ganga í gegnum um, þá sér í lagi hér á landi. Oftar en ekki eiga hugvitsmenn litla samleið með viðskiptahugviti. Hugvit þar flæði þar sem peningar eða aðrar hindranir hafa ekki áhrif á hugsun eða sköpun. Þessir tveir pólar eru því afar ólíkir, en á endanum

þurfa báðir að vera til staðar svo hugmynd geti orðið að raunveruleika. Það sama má einnig segja þegar kemur að því að kynna hugmynd, og hverjum hún er kynnt. Það er nefnilega ekki nóg að kynna hugmynd fyrir einhverri “viðurkenndri” stofnun ef hugflæðið og hið opna er ekki fyrir hendi hjá þeim sem kynninguna fær. Þetta segi ég hér ykkur, því að hugmyndin sem ég leyfi mér að kynna ykkur, “Hringtorg” sendi ég á sínum tíma inn til skoðunar, en um leið leitaði ég eftir stuðningi hjá Nýsköpunarsjóði. Þess ber að geta að áður en að ég sendi hugmyndina inn til þeirra var

Vissir þú að...

*Fiðrildi geta bragðað með fótunum.

*Kvak andar bergmálar ekki og enginn veit hvers vegna.

*Á tíu mínútum leysir fellibylur meiri orku en er öllum kjarnorkuvopnum í heiminum samanlagt.

*Að meðaltali kafna 100 manns á kúlupennum árlega.

*Að meðaltali er fólk hræddara við köngulær en dauðan.

*35% af fólki sem notar persónuauklýsingar í dagblöðum fyrir stefnumót eru gift.

*Fílar eru einu dýrin sem geta ekki hoppað.

*Aðeins 1 af hverjum 2 milljörðum munu lifa til 116 ára aldurs.

*Það er mögulegt að leiða kýr upp stiga en ekki niður.

*Konur blikka augunum næstum tvöfalt oftar en karlar.

*Það er líkamlega ómögulegt að sleikja olnbo-gan á sjálfum sér.

*Snigill getur sofð í 3 ár.

*Ekkert orð í ensku rímar við “month”.

*Augun á okkur eru alltaf jafn stór frá fæðingu, en nefið og eyrun hætta aldrei að vaxa.

*Allir snjóbirnir eru örvhentir.

*Forn-egyptskir prestar plokkuðu ÖLL hár af líkamanum, líka augnbrúnirnar og augnhárin.

*Augun í strútum eru stærri en heilinn í þeim.

Að skjóta niður nýjar hugmyndir. Frh

hún búin að ganga til margra sérþekkjandi aðila sem nánast allir lýstu yfir að hugmyndin væri frábær en þarfnaðist frekari útfærslu og verkfræðiteikninga. Kostnaður var reiknaður út við framkvæmd og gerð eininganna, og í grófum dráttum kom í ljós að sparnaður við gerð venjulegs hringtorgs gæti numið allt að 6.000.000.- (sex miljónum) á hvert torg sem reyst væri með þessu móti. Í mínu sveitarfélagi þar sem reisa átti m.a 6 ný hringtorg, hefði sparnaðurinn verið um 36. miljónir fyrir sveitarfélagið. Hvað um það, bréf ásamt ýtarlegum upplýsingum, teikningum og módeli var sent inn í IMPRU, sem er tengiliður við nýsköpun og hugmyndir. Eftir nokkra bið fæ ég bréf sent frá fyrirtækinu og mér tjáð að “ þeir kaupir ekki listaverk “ ??? Að sjálfsgöðu varð ég forundran á svarbréfinu, þar sem ég kannaðist ekki við að ég væri að reyna að selja þeim nokkurt listaverk. Því ákvað ég að taka upp símann og slá á þann sem ritaði svarbréfið til mín. Í stuttu máli, þá var svarið sem ég fékk, að nefndin (þeir) hefðu “haldið” að ég væri að bjóða þeim myndlist til kaups, þar sem starfsheitið mitt væri “myndlistamaður “ ? Það má ljóst vera að umsóknin mín var ekki lesin, aðeins skoðuð útfrá nafni mínu og starfsheit. Ég óskaði þá eftir, þegar ég hafði gert viðkomandi grein fyrir hugmyndinni, og hann lesið umsóknina yfir á meðan við ræddum saman í síma, að umsóknin fengi “eðlilega” afgreiðslu hjá þeim. Fallist var á það og ég boðaður á sérstakan

fund í Reykjavík, þar sem tveir aðilar tóku á móti mér og fóru í gegnum hugmyndina. Samþykktu þeir að hugmyndin færi “ aftur “ fyrir nefndina, sem og var gert.

Að kjarnanum:

Og þá kemur að kjarnanum í þessum hugleiðingum. Eftir einhverjar vikur fékk ég svar, þar sem mér er tjáð að IMPRA muni veita mér styrk að upphæð kr. 100.000.- (Eitt hundrað þúsund krónur). Skyldi styrkur þessi vera eyrnamerkur því að gera fjárhags - markaðs og viðskiptaáætlun ! Nú voru góð ráð dýr, þar sem ég kann ekki að gera svoleiðis. Ég hafði því samband við IMPRU aftur, og spyr hvort þeir geti bent mér á einhverja eða eitthvert fyrirtæki sem tekur að sér að gera svona áætlanir. Svarið var stutt og laggott, NEI, en við bjóðum upp á námskeið fyrir frumkvöðla, til að gera þannig áætlanir ! Kostar að vísu “doldin” pening, svona 4 - 6 hundruð þúsund kall ! Þar með var 100 þúsund kallin fokinn úr hægri vasanum í þann vinstri, og ég stórskuldugur, eða svona 300 til 500 þúsund kall, þ.a.e.s ef ég samþykki að taka “styrkinn“.

Það var ekki þessi stuðningur sem mig vantaði. Ég hef engan áhuga eða getu til að sitja og gera business áætlanir. Mig vantaði aðeins í fyrstu stuðning til að láta gera verkfræðiteikningar að hugmyndinni, svo ég gæti sýnt

og talað við rétta aðila. Enda án þeirra ekki nokkur vegur að gera nokkrar viðskiptaáætlanir. Eðlilega þarf fyrst að gera teikningar af svona hugmyndum áður en hægt er að gera “ ímyndaða viðskipta og markaðsáætlun “. Þetta eru kallaðar fagteikningar í stuttu máli.

Þar sem ekki nokkur vegur var að fá þá til að skilja þetta féll málið um sjálft sig og ekkert frekar varð úr þessari hugmynd hér heima, nema nú er hugmyndin komin til Þýskalands í réttar hendur.

Það getur því farið svo að hugmynd sem fæddist hér, verði seld hingað (vegna einkaleyfis).

Saga þessi er sögð hér því ég er ekki sá eini eða fyrsti sem hef gengið á þennan grjótharða vegg.

Í raun skora ég á alla sem hafa hugmynd í kollinum að stytta sér leið, og um leið halda þreki út, að leita strax erlendis með hugmyndir sínar.

Margar leiðir eru til þess, og miklu auðveldari. Mörg lönd í Evrópu er sólgin í nýjar lausnir og hugmyndir. Einnig er auðvelt að leita til Kína eða Taiwans.

Læknirinn

eftir Gumma

Læknirinn...




Læknirinn...



Læknirinn...



Myndlistarplagöt !



Troðningur hefur mikinn áhuga á plagötum sem tengjast myndlist. Á netinu eru u.þ.b 3,440,000 plagötum sem tengjast sýningahaldi eða sýningum. Þeir sem áhuga hafa á að skoða ættu að googla netið og fletta í gegnum síðurnar. Troðningur er að safna

bæði plagötum, boðskortum og öðru sem kemur að kynningu á myndlistasýningum. Allir þeir sem eiga eitthvað þannig lagað í fórum sínum og eru tilbúnir að láta Troðning hafa, geta sent mail á


6151800@gmail.com og við nálgumst það til ykkar við fyrsta tækifæri. Helst Íslensk en ekkert endilega bundið við það.

Með fyrirfram þökk.



Nettímarit **Troðningur**

Menning & List



ICELANDIC
ART MAGAZINE